



AKUREYRARSTOFA



Akureyrarbær

Upphafsaðvarp Vorkomu árið 2021

Komið þið sæl.

Við höldum nú Vorkomu stjórnar Akureyrarstofu í netheimum öðru sinni af ástæðum sem okkur eru öllum kunnar.

Það er falleg hefð á sumardaginn fyrsta að tilkynna um verðlaun og viðurkenningar til samborgara okkar sem eiga það sameiginlegt að hafa auðgað líf okkar með margvíslegum hætti.

Þótt mest gaman sé að hittast í raunheimum og fagna sumardegnum fyrsta og viðurkenningarhöfum þá hefur það líka sína kosti gera þetta svona - því fleiri fá að njóta og við erum ekki bundin af stund og stað.

Hér á eftir verður tilkynnt erum heiðursviðurkenningar Menningarsjóðs, byggingarlistaverðlaun Akureyrarbæjar og hver verður næsti bæjarlistamaður. Frístundaráð bæjarins notar jafnframt tækifærið til að tilkynna um jafnréttisviðurkenningar Akureyrarbæjar.

Með sól í sinni látum við okkur hlakka til sumarsins og gleðjumst saman yfir okkar skemmtilega og skapandi bæ – þótt við getum ekki komið saman.

Eða eins og segir í Vikivaka eftir Jóhannes úr Kötlum:

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða.
Draumalandið himinheiða
hlær - og opnar skautið sitt.

Vorið kemur, heimur hlýnar, hjartað mitt !

Gleðilegt sumar kæru vinir!

Þórgnýr Dýrfjörð
forstöðumaður Akureyrarstofu